


Nú er komið að skólalokum hér í GRV og fyrsti veturinn í vinnu við nýtt námsmat liðinn.

Námsmat nemenda í 1. - 4. bekk er þannig að í öllum greinum eru hæfniviðmið skilgreind í Mentor en engar sérstakar einkunnir gefnar fyrir hverja grein. Nemendur munu fá vitnisburð um hvort **hæfni sé náð**, hvort þeir **þarfnast þjálfunar** í greininni eða **hæfni sé ekki náð**.



Námsmat nemenda í 5. -7. bekk verður í bókstöfum í flestum fögum, í verkgreinum verður sama mat og í 1. - 4. bekk (sjá skýringarmynd hér að ofan).

Námsmat í 8. -10. bekk verður í bókstöfum, eftir matsviðmiðum Aðalnámskrár fyrir 8. -10. bekk. Gefnar verða einkunnir **A, B+, B, C+, C, D** en í einstaka valgreinum verður lokið/**ólokið**.

Einkunnin **B** þýðir að nemandi býr að nær öllu leyti yfir þeirri hæfni sem stefnt er að.

Einkunnina **A** fær nemandi:

- Fyrir að sýna framúrskarandi hæfni með dýpkun eða skapandi nálgun í nokkrum þáttum náms.
- Fyrir að sýna mjög mikinn stöðugleika og öryggi í námi.

Einkunnin **C** þýðir að nemandinn hefur almennt ekki náð tökum á þeirri hæfni sem stefnt er að en er þó á góðri leið.

Einkunnin **D** þýðir að nemandinn hefur að mjög litlu leyti náð þeirri hæfni sem stefnt er að og talsvert vantar þar uppá.


Skólum er heimilt að gefa einkunnirnar **B+** eða **C+** ef frammistaða nemenda nær ekki fyllilega viðmiðum fyrir einkunnirnar A og B.

Nemendur hafa verið metnir jafnt og þétt allt skólaárið. Matið byggir á umræðum, frammistöðu í tímum, verkefnum, könnunum og prófum.



Vinnan við námsmatið í vetur hefur verið mest á unglíngastiginu. Misjafnt er hvað mikið hefur verið sett inn á Mentor í öðrum árgöngum. Nú í vor hafa hinsvegar allir nemendur verið metnir eftir þeim viðmiðum sem eiga við hvern árgang og hægt er að nálgast nánari upplýsingar á Mentor um hvað liggur að baki því námsmati.

Til að skoða námsmat nemenda þarf að fara inn á Mentor og smella þar á „flísina“ **námsmat**



Þar kemur svo yfirlit yfir þær námsgreinar sem nemandinn er í og með því að smella á „námsgreinina“ er bæði hægt að sjá einkunnir fyrir þau **verkefni** sem nemandinn hefur unnið og skoða **hæfnikort** nemandans. Hæfnikortið sýnir hvaða hæfni nemandi þarf að ná til að fá ákveðna lokaeinkunn.

Hér má finna mjög gott skýringarmyndband frá Mentor um hvernig skoða má námsmatið á Mentor. <https://www.youtube.com/watch?v=cKCW5q-QZ8>